



Lög Bjarkar og fleiri tónskálda í nýjum búningi annað kvöld

Ásgerður Júníusdóttir og Jónas Sen flytja lög sem allir þekkja eftir Björk og fleiri í nýjum útsetningum í Óperunni annað kvöld, miðvikudagskvöld 26. maí kl. 20.

Á tónleikunum mun Jónas leika á orgel, píanó, selestu, sembal og rafmagnshljómborð. Hann lék á þessi hljóðfæri og fleiri á yfir 70 tónleikum í heimsreiðu Bjarkar á árunum 2007-2008. Öll lögin eftir Björk sem þau flytja á tónleikunum, heyrast þar í fyrsta sinn í þessum nýju útsetningum Jónasar. Björk hlaut í fyrri viku hin virtu Polar - tónlistarverðlaun og meðal annars þau ummæli að tónsmíðar hennar og textar hafi markað óafmáanleg spor í dægurtónlist og menningu samtímans.

Skoða dagskrá og kaupa miða: www.listahatid.is og www.midi.is



Bræður í Þjóðleikhúsinu - aðeins tvær sýningar

Í dansverkinu Bræðrum, sem sýnt verður í Þjóðleikhúsinu á fimmtudag og föstudag er hugarheimur og veruleiki karlanna í fyrirrúmi, séður með augum karla og kvenna í gegnum gleði, svita og tár. **Þrettán karldansarar** dansa í verkinu þar sem samskipti kynjanna og kynhlutverk eru sýnd í óvenjulegu og opinskáum samhengi og meðal annars er fjallað um erjur og ástríður, trú og tungumál, sátt og sundurlyndi. **Lára Stefánsdóttir, Ástrós Gunnarsdóttir og Hrafnhildur Hagalín** eru höfundar verksins, Filippía Elísdóttir sér um búninga og leikmynd og Ragnhildur Gísladóttir semur tónlistina.

[Lesið meira](#)

[Kaupa miða](#)



Skemmtilegur göngutúr með David Byrne

Einn af þeim listamönnum sem þátt taka í ljósmyndasýningum Listahátíðar í Reykjavík er hinn kunnir tónlistar- og myndlistarmaður **David Byrne**. Hann hefur sett upp sýningu í upplýsingastöndum Reykjavíkurborgar þar sem hann leggur móralskar spurningar fyrir vegfarendur. Eins og hann segir sjálfur frá þá koma "spurningarnar og svörin við þeim okkur í eins konar siðferðisklípu þar sem ekkert svar er í raun gilt. Fyrir ofan þessar ómögulegu og óþægilegu spurningar eru myndir af öryggismyndavélum, sem minnir okkur á að kannski eru svörin okkar (eða í þessu tilviki svörin sem við getum ekki gefið) tekin upp okkur til verndar." Það er upplagt að fá sér **göngutúr eða bíltúr** og kíkja á verkin í stöndunum - mörg hver meinfyndin. Kort af staðsetningu þeirra má sjá [hér](#).



Allt að seljast upp

Um næstu helgi fara fram **átta húslestrar vítt og breitt um borgina** þar sem gestum gefst kostur á að hlusta á höfunda lesa upp úr verkum sínum heima í stofu. Slíkir húslestrar fóru einnig fram í fyrra við frábærar undirtektir. Höfundar í ár eru Andri Snær Magnason, Vigdís Grímsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir, Sölvi Björn Sigurðsson, Kristín Ómarsdóttir, Sigrún Eldjárn og Auður Jónsdóttir. Margir hafa selst upp nú þegar en örfá sæti eru enn laus á nokkra húslestra. [Fá miða á húslestra.](#)

Á sunnudagskvöld koma einnig fram í Íslensku Óperunni **spænsk-marokkóski hópurinn Orquesta Chekara Flamenca** sem mun flytja okkur seiðandi tóna flamenco tónlistarinnar. Löngu er orðið uppselt á þennan viðburð og má vænta góðrar stemmningar.